

Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR – 1. apríl 2004

Fundur haldinn í Skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar fimmtudaginn 1. apríl 2004 kl. 17,30 á veitingahúsinu Við árbakkann. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi: Hilmar Kristjánsson fh. Mjólkursamsölunnar í Reykjavík sækir um byggingarleyfi fyrir Móttökuhúsi við Húnabraut 33. (Mjólkursamlag Húnvetninga) og endurnýjun á plani með snjóbræðslulögn, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Uppdrættir gerðir af “Nýju Teiknistofunni ehf.” og “Verkfræðistofu Braga Þorsteinssonar og Eyvindar Valdimarssonar”. Húsið verður byggt úr léttu byggingarefni, límtré og yleiningum.

Afgreiðsla: Erindið samþykkt.

2. Erindi: Páll Ólafsson Holtabraut 8, Blönduósi óskar eftir afstöðu byggingarnefndar til hugmynda hans um stækkun á húsinu Holtabraut 8, meðfylgjandi eru skissur til skýringar. Var frestað á síðasta fundi.

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúi hefur verið í sambandi við Pál og gefið honum upplýsingar til að vinna með.

3. Önnur mál.
 - a. Erindi: Jóhannes Torfason fh. Ámundakinn ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir nýbyggingu við Efstubraut 2, Blönduósi samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum gerðum af “GLÁMA-KÍM Arkitektar Laugavegi 164, Reykjavík”.

Afgreiðsla: Erindið samþykkt með fyrirvara um samþykki Brunamálastofnunar.

- b. Erindi: Sigurður Jóhannesson sækir um lóð, athafnapláss til að geyma á gáma við Hafnarbraut, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

Afgreiðsla: Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að SAH verði heimiluð afnot af landi 30x30 metrar meðfram Hafnarbraut, tímabundið til fimm ára og þá framlengjanlegt ef ekki verður búið að úthluta lóðinni Hafnarbraut 2-4 þetta er þó með þeim fyrirvara um að komi til úrhlutunar lóðarinnar falli afnotaréttur SAH niður.

- c. Skipulags- og byggingarnefnd óskar hér með eftir því að fundargerðir nefndarinnar verði eftirleiðis ritaðar á tölvutæku formi.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Jón Sigurðsson
Guðmundur Ingbórsson
Kristján Þorbjörnsson
Rolf Árnason

Gauti Jónsson
Jakob Þór Guðmundsson
Bragi Árnason